



Borgarráð

*Umsögn um stefnumótun í málefnum ungs fólks - 16 ára og eldri*

Á fundi stjórnkerfis- og lýðræðisráðs í dag 3. nóvember 2014 var samþykkt hjálögð umsögn um skýrslu starfshóps um stefnumótun í málefnum ungs fólks 16 ára og eldri, sem óskað var eftir í bréfi borgarráðs dags. 15. september 2014.

Unnur Margrét Arnardóttir

Hjálagt:  
Umsögn stjórnkerfis- og lýðræðisráðs dags. 3. nóvember 2014

## **Stjórnkerfis- og lýðræðisráð, 3. nóvember 2014**

### **Umsögn: Stefnumótun í málefnum ungs fólks 16 ára og eldri**

*Á fundi borgarráðs 11. september sl. var lögð fram skýrsla starfshóps um stefnumótun í málefnum ungs fólks 16 ára og eldri, dags. 4. september 2014.*

*Borgarráð hefur óskað umsagnar stjórnkerfis- og lýðræðisráðs.*

### **Umsögn**

Stjórnkerfis- og lýðræðisráð fagnar því að nú liggi fyrir stefna um málefni ungs fólks 16 ára og eldri í Reykjavík. Dræm þátttaka ungs fólks í sveitarstjórnarkosningum síðastliðið vor er hvatning fyrir Reykjavíkurborg að hlusta á raddir ungs fólks.

Í stefnunni koma fram fjölmargar ábendingar og tillögur varðandi ungt fólk og snerta þær starfsemi og áætlanir sviða borgarinnar og almenna stjórnsýslu með margvíslegum hætti.

Kaflinn um virkni og þátttöku er kannski helst sá sem kafli sem snýr beint að viðfangsefnum ráðsins. Nú þegar eru starfandi virk ungmennaráð um alla borg og eins hafa nú áheyrnarfulltrúar ungs fólks tekið sæti í Skóla- og frístundaráði og í Íþrótt- og tómstundarráði. Það er til fyrirmyndar og Stjórnkerfis- og lýðræðisráð samþykkir að skoða aðkomu fulltrúa ungmennaráða að fundum ráðsins sem áheyrnarfulltrúa.

Í anda stefnunar mun því ráðið framvegis hafa málefni ungs fólks að leiðarljósi sem og aðra velferð borgarbúa.

Stjórnkerfis- og lýðræðisráð mælir með því við borgarráð að stefnan verði samþykkt og að hugað verði að þeim áherslum sem nefndar eru.